
Endurbætur á tölfræði Hagstofunnar

Rósmundur Guðnason

*Notendafundur um verðvísitölur á Hagstofu Íslands,
4. nóvember 2011*

Endurbætur árin 2012-2015

- Skráteigt manntal 2010.
 - Viðtækar upplýsingar um mannfjölda, til dæmis heimili, menntun, atvinnustöðu, húsnæði og lýðfræði o.fl. Niðurstöður 2014
- Víðtækar endurbætur á mörgum sviðum í efnahagstölfræði árin 2012-2015.
 - Landbúnaðartölfræði
 - Þjóðhagsreikninga
 - Fyrirtækjatölfræði

Efnahagstölfræði umfang, fjármögnun

- Markmiðið er að uppfylla þær alþjóðlegu kröfur sem gerðar eru um skil efnahagstölfræði, nokkuð vantar á að svo sé.
- Verkefnin eru fjármögnuð
 - Landbúnaðartölfræði og þjóðhagsreikningar að mestu með IPA styrk
 - Fyrirtækjatölfræði, umsókn IPA styrkur

Landbúnaðartölfræði

- Öll verkefni á sviði tölfræði um landbúnað flutt til Hagstofunnar á árið 2011.
- Landbúnaðartölfræði, uppskera, kjöt, bústofn, mjólk og verðlag, ábyrgð vísitöludeild, tveir nýir starfsmenn.
- Verkefnin falla að mörgu leyti að vísitölu framleiðsluverðs. Full skil gagna 2012.
- Markmið að reyna að leysa á einum stað allar gagnaparfir vegna landbúnaðartölfræði og framleiðslureikninga.

Landbúnaðarrannsókn og framleiðslureikningar

- Landbúnaðarrannsókn 2010, talning í landbúnaði, framkvæmd, janúar - júní 2011, frágangi lokið mars 2012, ábyrgð framleiðsla og fyrirtækjadeild.
- Framleiðslureikningar, ítarlegt yfirlit um landbúnaðarframleiðslu, einn nýr starfsmaður, lokið desember 2012, ábyrgð Þjóðhagsreikningadeild.

Þjóðhagsreikningar yfirlit

- Skipuleggja gagnagrunna og alla gagnavinnslu upp á nýtt.
- Miðað við að gera uppruna og ráðstöfunartöflur að kjarna ársfjórðungslegrar vinnslu.
- Útbúa og skila upplýsingum um fjölda starfa og vinnutíma.
- Fjármála- og geirareikningar.

Þjóðhagsreikningar verkefnin

- Uppruna- og ráðstöfunartöflur og aðfanga- og afurðatöflur, skil 2013 og 2014.
- Árfjórðungsreikningar frá framleiðsluhlið, skil árslok 2014.
- Störf og vinnutími, skil árslok 2014.
- Fjármála- og geirareikningar, skil árslok 2014.
- Endurskipulagning á gagnagrunni og gagnasöfnun.

Fyrirtækjatölfræði

- Fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar, ítarlegar upplýsingar um fyrirtæki, vonast til að vinna geti hafist 2012, skil 2015. Skráin verður lykilgagn í fyrirtækjatölfræði
- Hagtölur um fyrirtæki (Structural business statistics, SBS), skil 2015.
- Skammtímahagvísar fyrir fyrirtæki (Short Term Statistics, STS), skil 2015.

Lykilskár sem verða til

- Þjóðskrá til hagskýrslugerðar, verður til úr manntali og inniheldur ítarlegar upplýsingar um einstaklinga, til dæmis um heimili, húsnæði, atvinnu og menntun.
- Fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar, inniheldur ítarlegar upplýsingar um fyrirtæki. Til dæmis um atvinnugrein, starfstöðvar, eigendur og lýðfræði.

Skuldir heimila og fyrirtækja

- Nýtt verkefni sem líklegt er að verði komið á fót árin 2012-2013, til að svara mikilli þörf stjórnvalda fyrir upplýsingar um fjárhag heimila og fyrirtækja.
- Hagstofan kemur á fót gagnagrunni og framleiðir ítarlega ársfjórðunglega tölfræði um þetta efni.
- Leitast verður við að sameina sem flestar þarfir opinberra aðila fyrir söfnun gagna, markmið að létta svarbyrði.